

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

1. fundur, haldinn í fundarsal A ÍSÍ 14.9.2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Þóra Margrét Hjaltested formaður laganeftndar, Berglind Pétursdóttir formaður tæknineftndar í áhaldafimleikum kvenna, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tæknineftndar í hóp fimleikum, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðsluneftndar, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Boðuð forföll: Sunna Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

Dagskrá:

1. Erindi frá tæknineftnd í hóp fimleikum

Tæknineftnd í hóp fimleikum lagði erindi er varða þreföld heljarstökk.

Stjórn FSÍ fagnar því að tæknineftnd í hóp fimleikum sé að skoða útfærslu á leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum á mótum á Íslandi. Erindið eins og það er í dag er ekki fullmótað og ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn. Þarf laganeftnd að fara yfir erindið ásamt tæknineftnd í hóp fimleikum og skrifstofu. Horfa skal til vinnu við þjálfara – og iðkendaskírteini og setja þar inn.

2. Erindi frá tæknineftnd karla um dómarahtting

Tæknineftnd karla ætlar að halda upprifundarkvöld fyrir dómara.

Stjórn FSÍ fagnar þessu.

3. Erindi frá tæknineftnd karla um dómarskírteini

Tæknineftnd karla biðlar til stjórnar að koma dómarskírteinum á sem fyrst.

Vísað til skrifstofu til úrlausnar.

4. Erindi frá tæknineftnd karla um netvæðingu dómaraþrófs

Tæknineftnd karla vill færa dómaramenntun í meira mæli yfir á internetið.

Tekið til umræðu og vel tekið undir, þarf að útfæra nánar.

5. Erindi frá vinnuhóp um íslenska fimleikastigann

Vinnuhópur um íslenska fimleikastigann á eftir að fá greitt

Stjórn FSÍ setur greiðslu til vinnuhópsins í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og felur skrifstofu að ganga frá greiðslu í janúar 2016. Nákvæm upphæð verður ákveðin þegar vinna við fjárhagsáætlun er unnin.

Fundargerðir nefnda

6. Fundargerð frá 1. fundi tækninefndar karla

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið klukkan 21:21

3. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 28. September kl. 20:00.